

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1971

Nr. 83.

234

16. desember 1971.

L Ö G

um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrárm og reglugerðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, hol-ræsagjöld, gangstéttargjöld, sorphreinsunargjöld og lóðarleiga, skulu vera óbreytt í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, unz staðfestar hafa verið nýjar gjaldskrár og reglugerðir um tekjur þessar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nr. 84.

17. desember 1971.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsl. 3. gr. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

2. gr.

Síðasti málsl. 8. gr. falli niður.

3. gr.

1. mgr. 47. gr. falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun
og mat á sláturafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 1. mgr. 2. gr. laganna og hvarvetna annars staðar í lögunum komi: landbúnaðarráðuneyti.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á l. nr. 51/1956, um ríkisútgáfu námsbóka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður af framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði og miðist árleg fjárveiting við kostnað við útgáfuna næsta ár á undan og fyrirhugaðar framkvæmdir